

Handsprengrur úr hrossataði

Áhrif fjölmiðla á hernámsárunum og endurminningar hernámsbarna

Halldóra Kristín Bjarnadóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

BA gráðu í fjölmiðlafræði

Félagsvísindadeild

Maí 2017

Handsprengrur úr hrossataði

Halldóra Kristín Bjarnadóttir

6 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts-prófi í fjölmiðlafræði

Leiðbeinandi
Sigrún Stefánsdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2017

Handsprengrur úr hrossataði: Áhrif fjölmiðla á hernámsárunum og endurminningar
hernámsbarna

Handsprengrur úr hrossataði

6 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í fjölmiðlafræði.

Höfundarréttur © 2017 Halldóra Kristín Bjarnadóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Halldóra Kristín Bjarnadóttir, 2017, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og
félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 31 bls.

Prentun: Ásprent

Akureyri, maí, 2017

Ég lýsi því hér með yfir að ég er ein höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.

Halldóra Kristín Bjarnadóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til BA-prófs við Hug- og félagsvísindasvið.

Sigrún Stefánsdóttir

Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um þá mynd sem íslenskir fjölmiðlar drógu upp af tengslum almennings á Íslandi við erlenda hermenn á hernámstímanum. Lagð var áhersla á að kanna hvernig fjölmiðlar fjölluðu um samskipti íslenskra kvenna við erlendu hermennina og hvernig almenningur tók því, með tilliti til þess hvernig börn þess tíma upplifðu hernámið. Allt bendir til þess að fjölmiðlaflutningurinn hafi verið afar karllægur og íslenska kvenþjóðin mjög gagnrýnd af samskiptum sínum við hermennina, sem og að fréttflutningur hafi gjarnan ýtt undir hræðsluáróður. Þó langstærstur hluti hermanna hafi dvalið á höfuðborgarsvæðinu miðast þessi ritgerð talsvert við Norðurlandið. Rætt var við fimm norðlenska einstaklinga, sem upplifðu þetta tímabil Íslandssögunnar í barnæsku sinni, um hvernig tímabilið liti út fyrir þeim í dag og hver upplifun þeirra hefði verið. Lykilhugtök þessar ritgerðar eru „ástandið“, afstaða Íslendinga til hernámsins, upplifun barna af hersetu, karllægur fjölmiðlaflutningur og undirskipun kvenna.

Abstract

This BA essay explores how the media portrayed the relationship between Icelanders and foreign soldiers during the occupation of Iceland. An emphasis is put on the media's portrayal of the communications between Icelandic women and the soldiers, and how that communication was seen by the public. Everything points to the fact that the media's discussion about the matter was very male-centric and that Icelandic women were harshly judged for their relationships with the soldiers. A special effort will be put into shining a light on how children experienced the occupancy. Even though the majority of the occupying soldiers were based in the capital region, this essay researches mainly the effects on northern Iceland. Five northern individuals were interviewed about how they experienced that part of Icelandic history while growing up and how they view that period today.

Key terms: „the situation“, Icelanders' thoughts on the occupation, children's experience of living in an occupied country, male-centric media reporting, subordination of women (especially by the media).

Formáli

Við gerð þessar lokaritgerðar naut ég aðstoðar margra góðra einstaklinga og ber þar helst að nefna leiðbeinanda minn Sigrúnu Stefánsdóttir sem sýndi stöðu minni sem nýbakaðri móður mikinn skilning og veitti mér uppbyggilega gagnrýni. Móðuramma mín, Halldóra Jónsdóttir, hefur alla tíð reynst mér sem klettur á mínum námsferli og er það mér ómetanlegt að eiga hana að. Einnig vil ég þakka kærasta mínum Erni Björnssyni fyrir þolinmæðina, æskuvinkonu minni Sólrúnu Hörpu Sveinbjörnsdóttur fyrir að vera alltaf til í að lesa yfir fyrir mig og ræða innihaldið. Loks vil ég þakka dóttur minni Iðunni Emblu Arnardóttur fyrir að styrkja mig og þroska. Hún reyndist mér í raun hvatning til þess að klára núna í vor þó að vinnuaðstæður og fyrirkomulag væru annað en ég hef áður þurft að venjast. En fyrst og fremst vil ég þakka viðmælendum mínum, móðurafa mínum Guðmundi Hallgrímssyni, Indriða Ketilssyni, Ívari Júlíussyni, Jónínu Á. Hallgrímsdóttur og Helgu Benediktsdóttur heitinni fyrir tíma sinn og að treysta mér fyrir bernskuminningum sínum sem snertu hernámið og þeirra upplifun á því.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Bændasamfélag blandast í stríð.....	3
3. Umfjöllun fjölmiðla um hernámið.....	4
4. Máttur fjölmiðla.....	7
5. Hernámsárin á Akureyri og í Eyjafirði.....	12
6. Viðmótið á Norðurlandi - Minningar frá hernámsárunum.....	14
7. Niðurlag.....	21
8. Heimildaskrá.....	23

Inngangur

Íslendingum varð snemma ljóst að fjölmiðlar byggju yfir miklu valdi þar sem blöð gátu haft mikil áhrif á lesanda þeirra. Oft hefur því verið fjallað um fjölmiðla nútímans sem fjórða valdið, fjórða arm ríkisvaldsins, og því ekki síður talið fært um að hafa áhrif heldur en framkvæmdavaldið, löggjafarvaldið og dómsvaldið. Spurningar um stöðu og starf fjölmiðla hafa því oft kviknað. Er fjölmiðlinum ætlað að vera einungis til upplýsingar? Því flestum er ljóst að fjölmiðlar eru færir um að hafa óbein eða bein áhrif á ákvarðanatöku almennings (Guðjón Friðriksson, 2000:10). Guðmundur Björnsson landlæknir var viss um mátt blaðanna og orðaði það vel árið 1912:

Þau eru stærsta veldi nú á dögum í hverju því landi þar sem allir eru læsir. Eftir blöðunum dansar lýðurinn, óafvitandi... Mikilhæfustu blaðamennirnir eru því nú á tímum allra manna völdugastir; þeim getur tekist að ná algerum yfirráðum yfir hugarfari þjóðar sinnar og breytni hennar og þeir geta, eins og harðstjórnarnir í gamla daga, unnið þjóð sinni ómetanlegt gagn – eða stórkostlegt tjón; oftast vinna þeir hvorttveggja, bæði gagn og tjón, því öllu er áfátt en engum alls varnað (Guðjón Friðriksson, 2000:11).

Tilgangur þessarar ritgerðar er að öðlast innsýn í fréttáflutning á hernámstímanum og hvernig almenningur, og þá fyrst og fremst börn og ungmenni þess tíma, upplifði hann. Stafaði þeim ógn af hermönnunum eða vöktu þeir upp forvitni hjá þeim? Mótaði fréttáflutningur afstöðu almennings til hermanna? Rætt var við fimm norðlenska einstaklinga sem minnst hernámsins

úr barnæsku sinni og minningar þeirra skráðar. Að fá tækifæri til þess að nálgast viðmælenda í gegnum bernskuminningar hans og uppvaxtarár er áhugavert og krefjandi viðfangsefni. Allt sem á undan okkar samtíð hefur komið, sagan, inniheldur stöðugar framfarir sem hafa verið ríkjandi sjónarmið vestrænnar menningar. Litið er á söguna sem línulegt ferli, sem óumdeilanlegan aðdraganda að líðandi stundu. Uppvaxtarár eru flestum afar persónuleg og því er oftast en ekki stutt í einlægnina þegar árin eru rifjuð upp.

Bændasamfélag blandast í stríð

Á meðan Ísland þróaðist hægt og rólega úr bændasamfélagi í átt að iðn- og þéttbýlissvæðingu þá ólgaði heimurinn í kring. Heimsstyrjöldin fyrri var ekki gleymd og samband Þjóðverja og Bretar nálgaðist suðupunkt. Það var svo þann örlagaríka dag, 1. september 1939, sem Þjóðverjar réðust inn í Pólland. Tveimur dögum síðar lýstu Bretar og Frakkar stríði á hendur Þjóðverja. Seinni heimsstyrjöldin var hafin.

Að svo stöddu er óþarfi að orðlengja það hvað gekk á í hinum stóra heimi en fljótlega varð ljóst að Ísland gæti ekki haldið hlutleysi sínu með öllu. Þann 10. maí 1940 námu Bretar landið af hernaðarlegum ástæðum því staðsetning Íslands var talin mjög óheppileg ef landið færi í hendur Þjóðverja. Landið var vel staðsett fyrir flugvöll ef Þjóðverjar myndu færa bardagann til Vesturs. Því hunsuðu Bretar hlutleysisyfirlýsingu Íslendinga ásamt þeirri staðreynd að Ísland hafði hafnað hvernd Bretar. Þess vegna var þessi yfirtaka gegn vilja íslenskra stjórnvalda („Ríkisstjórnin mótmælir”, 1940:2). Tæplega tveimur mánuðum eftir hernámið voru breskir hermenn á landinu farnir að telja um 20 þúsund og flestir voru á höfuðborgarsvæðinu (Tómas Þór Tómasson, 1983:62-63).

Kynjahlutfallið á höfuðborgarsvæðinu skekkist því talsvert við komu hersins en koma hersins hafði þó gríðarlega jákvæð áhrif á atvinnumál á Íslandi því heimskreppan hafði sett sinn svip á aðstæðurnar. Í nóvember 1939 voru um átta hundruð manns skráðir á atvinnuleysisrá í Reykjavík en ári seinna, eftir komu hersins, voru einungis hundrað manns eftir á skrá. Næstu tvö ár á eftir var enginn skráður atvinnulaus í Reykjavík. Þetta var kallað „Bretavinna” og nóg var fyrir Íslendinga að gera. Ýmis voru verkastörfin sem karlar réðu sig í, braggabyggingar, flugvallargerð og alls konar hafnar- og vegavinna, ef nefna á nokkur störf. Karlar voru ekki þeir einu sem fengu störf fyrir herinn því hann sóttist líka eftir því að fá

Íslenskar konur í vinnu við það að þvo og lagfæra fatnað hermanna (Tómas Þór Tómasson, 1983:85).

Kaflaskil urðu svo í hernáminu þegar Bandaríkjamenn komu til landsins.

Hernaðarstaða Íslands var þá orðin önnur í augum Bandamanna því að þann 22. júní 1941 sviku Nasistar friðarsáttmálann við Sovétmenn með innrás. Þetta breytti ýmsu í stríðinu vegna þess að nú voru Bandaríkjamenn ekki lengur jafn hræddir við árás Þjóðverja á Bandaríkin – “augu Hitlers” snéru greinilega í Austur. Þetta gerði það að verkum að Ísland var ekki lengur í jafn mikilli hættu á innrás Þjóðverja og þar af leiðandi var ekki talin þörf á jafn miklum vörnum (Tómas Þór Tómasson, 1984:42). Bandaríkjamenn voru, líkt og Bretar, búnir að fá álit sérfræðinga til þess að meta það hvar á Íslandi væri mesta hættan á innrás Þjóðverja. Þeir komust að sömu niðurstöðu og Bretar, að verja þyrfti suð-vesturhorn landsins með mestu áherslunni, Norðurland í meðallagi en aðra landshluta lítillega. Árið 1943 var staðan svo orðin sú að meiriháttar innrás Þjóðverja var talin mjög ólíkleg en ekki ómöguleg. Bandaríkjamenn voru þó alls ekki faliðaðir hér ef miðað er við íslensku þjóðina því að þetta sama ár náði tala bandarískra hermanna upp í 60.000 (Tómas Þór Tómasson, 1984:43). Til samanburðar þá var fjöldi Íslendinga kominn upp 125.915 í lok þessa sama árs (Jónas Guðmundsson, 1945:45).

Umfjöllun fjölmiðla um hernámið

Frá upphafi litaðist umfjöllun fjölmiðla í garð hernámsins af vissri neikvæðni og gagnrýni. Við skoðun fréttu þess tíma eru skil milli staðreynda og skoðana greinarhöfunda afar óljós. Það var því ekki óalgengt að fréttamaðurinn, greinarhöfundurinn, legði lesandanum nánast drög af því hvernig hann ætti að bregðast við eða líta á málin. Lítið var þó um að almenningur veitti hernum sýnilega andstöðu í verki og Íslendingar virtust líta á land sitt og bæi sem fremur varnalaus og þjóðina hlutlaus í styrjöldinni. Landgönguliðar höfðu sent Íslendingum

bréf til þess að reyna að friða þá og útskýrt að herinn væri kominn til þess að auka öryggi Íslendinga og hindra hernám Þjóðverja (Gunnar M. Magnúss, 1965:60). En hernámið þann 10. maí 1940 fór ekki fram hjá neinum landsmanni. Blöðin tóku að birta fyrirsgnir um hernámið á forsíðum sínum í svo stórrí leturstærð að landsmenn höfðu sjaldan séð annað eins og leiðarar fylgdu því fast á eftir. Fyrirsagnirnar voru margar afar ógnandi en þann 11. maí var aðalfyrirsögn Þjóðviljans: „Brezkur her réðst á Ísland í gær, hertók Reykjavík og nágrenni.” („Brezkur her”, 1940:1). Leiðari blaðsins er ekki síður hvass en hann hefst á eftirfarandi orðum:

Land vort hefur verið hertekið. Með valdi hins sterka hefur brezkur her ráðizt inn í land vort, rofið hlutleysi þess, troðið sjálfstæði vort undir fótum. Með brezkum byssustingjum er friðhelgi lands vors rofin, gínandi fallbyssukjaftar brezkra herskipa eiga að minna Íslendinga á hvers er valdið yfir landinu, sem við höfum talið ættjörð vora. („Vér mótmælum”, 1940:2).

Hernámi Breta er lýst á ógnandi hátt þar sem sjálfstæði Íslendinga er líkt við eitthvað áþreifanlegt sem auðvelt er fyrir vopnaða Breta að misþyrma. Við lestur leiðarans er líkt og óspjölluð náttúra Íslands skrælni, hverfi sjónum vorum í fallbyssureyk. Nú átti hröð samfélagsleg breyting sér stað. Reykjavík var kippt úr sambandi við aðra landshluta og beið því landsbyggðin í ofvæni eftir að fá einhverjar fregnir. Það eina sem allir vissu var að það hlaut eitthvað alvarlegt að hafa komið fyrir. „Akureyri gat talað við Ísafjörð – Ísafjörður við Borðeyri og Borðeyri við Stykkishólm, en enginn fékk samband við Reykjavík. Síminn var þögull og útvarpið boðaði stórtíðindi.” (Gunnar M. Magnúss, 1965:78). Landsbyggðin fékk lýsingar af hernáminu þar sem Reykjavíkurhöfn var sögð þakin herskipum, vopn flæddu út

um allt og hermenn væru á hverju horni (Gunnar M. Magnúss, 1965:72). Daginn eftir hernámsdag var talið brýnt að flytja börn úr Reykjavík og út á land vegna hættu á loftárásum. Voru 4000 börn flutt og mörg þeirra óttaslegin (Gunnar M. Magnúss, 1965:96). Á Akureyri var svipuð ákvörðun tekin eftir að setuliðsmönnum fjölgaði mikið, að reyna þyrfti að koma sem flestum börnum bæjarins til sumardvalar í sveit (Jón Hjaltason, 1991:31).

Jónína Á. Hallgrímsdóttir frá Grímshúsum í Aðaldal, minnst þess úr bernsku sinni að hafa séð litla herflugvél fljúga yfir heimabæ sinn. Helltist þá yfir hana mikill ótti og greip hún í yngri systur sína Helgu og dró hana með sér upp að snúrustaur þar sem þær földu sig í þvottinum. Jónína hafði þá heyrt talað um loftárásir í útvarpinu og fundið fyrir hræðsluáróðri gagnvart hermönnum (Jónína Á. Hallgrímsdóttir munnleg heimild, 10. apríl 2017). Óttinn við stórvægilegum loftárásunum á landið reyndist þó óþarfur en sérstaklega börn gerðu ekki greinarmun á litlum flugvélum sem gjarnan svifu yfir eða raunverulegri hættu. Það varð ekki fyrir en í apríl 1942 sem fyrsta loftorrustan varð yfir Íslandi og þá á milli þýskra og bandaríska flugvéla. Nokkrum fleiri vélum átti síðan eftir að lenda saman við óboðna þýska gesti úti yfir Norður- og Austurlandi. En það var ekki fyrir en 14. ágúst sama ár að fyrsta þýska vélin var skotin niður og var það á Suðurlandi (Tómas Þór Tómasson, 1984:45). Sú árás sem sennilega er eftirminnilegust í hugum almennra borgara varð í september er þýsk sprengjuflugvél varpaði sprengjum á Seyðisfjörð með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á húsum og fjögur börn særðust, eitt það alvarlega að það þurfti að taka af því fótinn („Tvær flugvélar”, 1942:1).

Máttur fjölmiðla

Fjölmiðlar geta auðveldlega haft mikil og mótandi áhrif á landsmenn, lesendur þeirra, en hið svokallaða feðraveldi var afar ríkjandi á hernámsárunum þar sem karlmenn tóku allar ákvarðanir sem vörðuðu lög og hegðun kvenna. Sú hefð, að konan ætti að vera heima, sjá um heimilið og hlýða eiginmanni sínum var rótgróin í samfélagið. Kvenmenn voru, í augum karlmanna, ógn gegn ofríki þeirra og var því gjarnan talað niður til þeirra.

Það segir sig sjálft, að þegar svona frétt næmt ástand, eins og herseta og samskipti kvenna og hermanna heltekur þjóðina að þá hafa fjölmiðlar nóg að gera. Mikil aukning varð því á dreifingu dagblaða þar sem allir vildu fylgjast með og keyptu þar af leiðandi blöðin. Blöðin voru einkum framleidd af karlmönnum og það ýtti verulega undir karllæga umfjöllun. Þetta sést gögglega í þeirri umfjöllun sem varð til um samskipti íslenskra kvenna við hermennina. Dæmi til stuðnings um þjóðfélagsstöðu kvenna þess tíma er að engin kona átti sæti á Alþingi á árunum 1938 – 1946 auk þess voru allir opinberir embættismenn voru karlar (Herdís Helgadóttir, 2001:19). Herdís Helgadóttir lýsir undrun sinni á dómhörku karlmanna í garð kvenna í bók sinni, *Úr fjötrum*. Þar bendir hún á, með réttu, að karlmenn hafi verið sagnaritarar okkar fram á síðustu áratugi og séð um að skrásetja hersetuárin og þá mynd sem af þeim lifir. Karlmenn og karlkyns fréttamenn kusu á þeim tíma að fjalla um kvenmenn sem áttu í einhverjum samskiptum við hermennina á afar neikvæðan hátt. Konum frá 12 ára aldri til sextugs er lýst sem einsleitum hópi „ýmist sem fávísnum börnum með litla sem enga þjóðerniskennd eða sem harðsvíruðum vændiskonum úr lægstu stigum samfélagsins.” (Herdís Helgadóttir, 2001:12). Sá fréttáflutningur sem átti sér stað um samskipti íslenskra kvenna við hermennina ýtti undir neikvæða samfélagsumræðu „og sérstaklega meðal karla, varðandi þessi mál.” (Herdís Helgadóttir, 2001:237). Herdís dregur því ekki úr vægi fjölmiðla og hversu mikil áhrif fréttáflutningur þeirra getur haft á almenning. En ljóst er að fréttáflutningurinn litaði álit marga á dvöl hermanna sem og álit og framkomu við

íslenskar konur. Börn óttuðust ekki einungis stríð heldur einnig að breyting yrði á fjölskylduhögum þeirra. Hugtakið „ástandið” var því þekkt um allt land og var sérstaklega mikið notað á höfuðborgarsvæðinu og við fréttaumfjallanir. Tilkoma hinnar svokölluðu „ástandsnefndar”, skipaða af Hermanni Jónssyni dóms- og forsætisráðherra, festi síðan merkingu hugtaksins í íslenskri tungu en „ástandið” vísaði til óæskilegra samskipta milli erlendra hermanna og íslenskra kvenna en í raun var nóg að sjá kvenmann heilsa hermanni á götum úti til þess að fullyrða að „ástandið” hefði náð henni. Þrír karlmenn sátu nefndina (Gils Guðmundsson, 1975:173).

Í bók Jóns Hjaltasonar, *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði*, er hjónanna Soffiu Guðmundsdóttur og Frímans Guðmundssonar getið vegna þess að þau gerðust svo frókk að stofna til vináttu við hermenn. Frímenn, sem var lengi vel útibústjóri í matvörubúðinni Alaska, reyndist, ásamt Soffíu, hermanninginum vel. Soffía lagfærði föt fyrir hermanninginn en það var svo einn daginn að hermaðurinn neitaði að fara með buxur sínar til Soffíu þar sem hún var ein heima, enda vildi hann ekki að hann né hún sætu gagnrýni samfélagsins fyrir vinskap sinn. Svipaða sögu má finna í bók Jóns af Ragnari Stefánssyni, er lengi starfaði sem kennari við Menntaskólann á Akureyri. Ragnar kom til Íslands með herliði Bandaríkjamanna en ónefnd frænka hans óskaði þess að þau myndu ekki eiga í orðaskiptum á götum úti þar sem hún fengi þá ástandsstimpilinn á sig. Ljóst var því að íslenskar konur gátu ekki undir neinum kringumstæðum átt í neins kyns samskiptum eða orðaskiptum við hermenn, nema á kostnað mannorðs síns. Lítið þurfti nefnilega til svo að „Gróurnar” færu af stað. En stundum höfðu „Gróurnar” rétt fyrir sér og vissulega þóttu mörgum íslenskum kvenmönnum hermennirnir spennandi. Hin þekkta lína: „Það er draumur að vera með dáta,” var ekki sjálfsprottin. Kirkjubók Akureyrar ber þess ótvírætt vitni en á árunum frá 1941 til 1944 voru skráð í hana átta hjónabönd íslenskra stúlkna og erlendra hermanna (Jón Hjaltason, 1991:123). Talsverð umfjöllun varð í blöðum Akureyrarbæjar um samskipti norðlenskra kvenna við hermennina

og ekki var kvenmönnum vönduð kveðjan. Voru þær sagðar „þjóðarósómi“, og „léttúðardrósir“ og ekkert skárri en enskar götusækjur. Ritstjóri Íslendinga, Jakob Ó. Pétursson, lét svo hörð orð falla, að svo mikil skömm væri af hegðun stúlkanna að sú mynd sem hermennirnir hefðu fengið af menningu Íslands „yrði vart þvegin af með sápuvatninu einu saman.“ (Jón Hjaltason, 1991:124).

Þó talið væri lengi vel að flestar kvennanna sem sýndu hermönnum áhuga væru í yngri kantinum, reyndist það ekki algilt. Fréttir fóru af harðgiftum konum, jafnvel margra barna mæðrum, sem gáfu blíðu sína, jafnvel að eiginmanninum vitandi. Talað var þá um að eiginkonan væri í bransanum og fengi eitthvað fyrir snúð sinn. Lítið var þó um getnaðarvarnir á þessum tíma og smokkurinn í raun eina vörnina sem náði einhverjum vinsældum. Fóstureyðingar voru ekki leyfðar nema brún læknisfræðileg ástæða lægi fyrir. Koma erlendu hermanna fyrir norðan bar því ávöxt í nýjum þjóðfélagsþegnum og geymir kirkjubók Akureyrar nöfn 27 hermanna (Jón Hjaltason, 1991:124).

Ekki reyndust þó öll samskipti íslenskra kvenna og erlendra hermanna vera í sátt fyrir norðan en sem dæmi um þetta þá réðust tveir hermenn á konurnar Ástríði Stefánsson og Kristínu Þórdísi Loftsdóttur, er þær voru á leið heim til sín, laugardagskvöldið 28. september 1940. Atburðarásin vakti mikinn óhug og undrun enda leit ekki út fyrir að konurnar höfðu haft nein samskipti við hermennina. Konurnar höfðu því enga útskýringu á þessu en þær fengu báðar mikla áverka og Kristín þurfti að liggja á sjúkrahúsi eftir árásina. Þetta hefur sennilega ekki ýtt undir jákvætt viðhorf gagnvart setuliðinu enda voru þarna ekki liðnir þrjú mánuðir frá því að herinn kom til Akureyrar og slíkar fréttir hræddu vissulega bæjarbúa („Hermenn berja“, 1940:3).

Sérstaklega var þó brýnt fyrir ungum stúlkum að forðast allt samneyti við hermennina og gengu þau boð og bönn svo langt að úr þeim varð lagasetning á Alþingi. Nöfn kvenna sem

sáust eiga í samskiptum við hermennina voru því skráð niður af lögreglunni og afleiðingin gat verið skýrslutaka á lögreglustöðinni. Var þessu fylgt sérstaklega samviskusamlega eftir á Suðurlandinu (Herdís Helgadóttir, 2001:14). Vilmundur Jónsson, landlæknir, sendi dómsmálaráðuneytinu harðyrkt bréf þar sem hann lýsti sýn sinni á þeirri alvarlegu þjóðfélagsstöðu sem nú ríkti, „ástandinu”. Í bréfi hans kemur fram að hann taldi ástandið sýna aðeins fram á það „hve veikt íslenskt kvenfólk er á svellinu, þegar á reynir”. Vilmundur vildi þó ekki deyja ráðalaus heldur grípa til þess ráðs að fá lögregluna til þess að safna saman öllum þessum veiku konum og flytja þær á heilsuhæli á afskekktum stað þar sem þær gætu lært að tileinka sér heilbrigði. Einnig væri mikilvægt fyrir þjóðfélagið að „flytja öll stúlkubörn 12-16 ára fyrst um sinn úr bænum,” fjarri öllum hermönnum (Tómas Þór Tómasson, 1984:51).

Í Alþýðublaðinu, 1. nóvember 1941, birtist fyrrsögn á forsíðu blaðsins sem hljóðaði svo: „Maður leitar aðstoðar lögreglunnar til þess að leita að konu sinni”. Það þótti forsíðufrétt að gift kona hefði átt í samneytum við hermann og ljóst var að með þessum fréttáflutningi var ætlast til þess að lesandinn myndi hneikslast og dæma konuna, en í fréttinni stóð:

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar kom maður í fyrrakvöld inn á lögreglustöð og baðst aðstoðar lögreglunnar til þess að leita að konu sinni, sem hafði ekki komið heim í sólarhring. Hafði hann grun um, að hún væri hjá brezkum hermanni. Fór lögreglan þegar með manninum á vettvang, þangað, sem hann vísaði til, og fundu þeir konuna ásamt hermanninum í skúr inni við Elliðaár. Var fyrst farið með hana á lögreglustöðina, en því næst fór hún heim með manni sínum. Konan er tveggja barna móðir og eru börnin kornung. („Maður leitar”, 1941:1).

Ljóst er að útgáfa „ástandsskýrslunnar” hafði afar mikil áhrif á umfjöllun fjölmiðla og voru gífurlega margar greinar birtar í kjölfar hennar. Hugtakið „ástandið” var þá brennt í íslenska málnotkun en sumir gengu svo langt að fjalla um „ástandsnefndina” sem „velferðarnefnd portkvennanna“. Nefndin átti að hafa þann tilgang að „athuga siðferðisleg vandamál bæjarbúa, vegna dvalar setuliðsins,” en í skýrslunni komu fram m.a. dæmisögur barnunga stúlkna sem annars vegar gáfu eða seldu hermönnum blíðu sína. Krafðist nefndin svara við því hvers vegna barnaverndarnefnd og lögregla höfðu ekki afskipti af slíkri starfsemi. Nefndin óskaði eftir aðgerðum stjórnvalda en fyrst og fremst vildi hún að einstaklingurinn sinni skyldu sinni því framtíð þjóðarinnar væri í húfi ef æska landsins gleymir þegnskyldu sinni við blóð sitt og móðurmold („Framhald af”, 1941:2).

Alma Ómarsdóttir skoðaði, í lokaverkefni sínu til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku, „Ástandið’ í fjölmiðlum”, tímabilið frá 27. ágúst til 14. október, en á því tímabili voru 105 greinar birtar sem fjölluðu um samneyti íslenskra stúlkna við hermenn. Alma segir að í Morgunblaðinu hafi alls verið birtar 18 greinar. Í fjórblöðungunum birtust; 32 greinar í Nýju dagblaði, 22 greinar í Alþýðublaðinu, 17 greinar í Tímanum og 16 greinar í Vísi. Athygli vekur að yfir helmingur fréttanna eru neikvæðar og aðeins einu sinni var rætt við konu, Guðrúnu Guðlaugsdóttur, fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Vitnað var beint í orð hennar og telst viðtalið jákvætt en þar talar Guðrún máli „ástandsstúlkna”. Það liggur því í augum uppi að karlmannsröddin kvað mun hærra því aðeins í 16 greinum af 105 var vitnað með einhverjum hætti í konur (Alma Ómarsdóttir, 2013:40). Þetta er í raun mjög dæmigerð staðreynd þegar litið er á þjóðfélagsstöðu kvenna og er þetta ein birtingarmynd „feðraveldis” en það er sú hugmynd um að málefni kvenna komi þeim í raun ekki við. Þess heldur líta karla svo á að þeir verði að bregðast við og reyna að stýra því hvernig konur eiga, eða eiga ekki, að haga sér. Þetta er enn mjög sterkt í samfélagi okkar, sem og annars staðar, en á þessum tíma var þetta augljóst. Karlar gátu sameinast um það að íslenskar „ástandsstúlkur”

væru ekki að haga sér á þann hátt sem þeir vildu. Því ákváðu stjórnvöld, sem voru einungis skipuð karlmönnum, að setja á fót nefnd, einungis skipaða karlmönnum. Þessi nefnd átti að rannsaka það hversu víðtækt þetta „vandamál” væri. Þarna kemur skýrt fram þessi samfélagslega misskipting réttinda á milli kynjana. Karlar höfðu rétt yfir konum og höfðu áhyggjur af því að þær létu illa undan stjórn þeirra.

Mikilvægt að hafa í huga, þegar þáttur fjölmiðla er skoðaður, hversu pólitísk blöðin voru. Sem dæmi voru á þessum tíma gefin út fjögur dagblöð í Reykjavík og voru þau í raun öll beint eða óbeint málöggn einhverra stjórnmalaflokka og því lituð af stjórnmalaskoðunum. Alþýðublaðið var málöggn Alþýðuflokksins, Vísir og Morgunblaðið voru í miklum tengslum við Sjálfstæðisflokkinn - þó það væri ekki búið að lýsa því yfir opinberlega. Þjóðviljinn var málöggn Sósíalístaflakksins og Tíminn var málöggn Framsóknarflokksins (Gunnar M. Magnús, 1965: 69). Þannig má ætla að þeir stjórnmalaflokkar, sem voru hvað harðast á móti hersetunni, hafi notað blöð sín til þess að ýta undir neikvæða umfjöllun um setuliða.

Hernámsárin á Akureyri og í Eyjafirði

Herinn kom til Akureyrar í maí og júní 1940. Hermennirnir áttu það sameiginlegt að vera ungir að árum og því fljótt óhamingjusamir, enda Ísland afar frábrugðið heimkynnum þeirra. Hvort heldur þeir voru frá Yorkshire, Lincolnshire eða Lancashire voru skapgerðareinkennin þau sömu; þeir sóttust ekki eftir að kynnast ókunnugu fólki, höfðu lítinn áhuga á siðum annarra þjóða og skorti víðsýni þess er víða hefur farið og margt reynt. Eflaust hafa þessi skapgerðareinkenni auðveldað setuliðsstjórninni að halda hermönnum frá Íslendingum (Jón Hjaltason, 1999:54). Til eru afar sakleysislegar lýsingar af upplifun hermanna á dvöl þeirra á Norðurlandinu en sumir bresku hermennirnir lærðu t.d. að synda og lýsir J. Edward Vickers heimsókn sinni í Akureyrarlaug á þennan veg:

Jafnvel á köldustu vetrardögum, þegar frostið reif og beit, var ánægjulegt að synda í ylvolgri lauginni. En það er óneitanlega undarleg tilfinning að stíga upp úr sundlauginni og finna hvernig iljarnar frusu við steypuna sem var á milli laugarinnar og búningsklefanna. ... Búningsklefarnir voru aðeins tveir, annar fyrir karla og hinn fyrir kvenfólk. Einn daginn uppgötvaði félagi okkar lítið kringlótt gat á veggnum sem skildi að klefanna. Í von um að sjá eitthvað athyglisvert beygði hann sig niður og kíkti í gegn en honum mætti ekki annað en starandi auga. Hinum megin þilsins var kvenmaður sem hafði greinilega fengið sömu hugmynd (Jón Hjaltason, 1999:58).

Þótt leiðir Akureyringa og Breta lægju óvída saman á fjölsóttum samkomustöðum, einfaldlega vegna þess að slíkir staðir voru sárafáir á kaupstaðnum, þá voru hermennirnir töluvert áberandi í bæjarlífinu. Afstaða almennings, sérstaklega bændafólks, til setuliðsins mótaðist mjög af þeirri staðreynd að hermennirnir voru margir ungir að árum og því ófáir sem aumkuðu sig yfir hinum ungu hermönnum og buðu þeim í kaffi og með því (Jón Hjaltason, 1999:60).

Viðmótið á Norðurlandi - Minningar frá hernámsárunum

Eyfirðingar áttu oft erfiðara með að taka hermennina alvarlega þar sem hermennirnir þar voru vanbúnir vopnum og sýnilegur skortur á fagmönnum á ýmsum sviðum. Einnig vakti ungur aldur hermanna vakti einnig athygli heimamanna (Jón Hjaltason, 1991:30). Þar sem reglur bönnuðu hermönnum að verða viðskila við vopn sín, gátu því hermennirnir reynt frekar klunnalegir þegar þeir voru t.d. að troðast inn í leigubíla eða sátu í bíósal með kók í annarri hendi og skotvopn í hinni (Jón Hjaltason, 1991:94).

Íbúar Eyjafjarðar og nærsvæða virðast þó í heildina hafa tekið hermönnum vel enda, eins og áður hefur verið getið, minnkaði atvinnuleysi mikið við komu hermanna til Íslands og nýr vettvangur varð til fyrir allskyns þjónustustarfsemi. Flestir hermennirnir virðast líka hafa lagt upp með að koma vel fyrir og löðuðust t.d. börn gjarnan að þeim enda bjuggu þeir oft að sælgæti og þurrkuðum ávöxtum. Húsvíkingurinn Ívar Júlíusson, minnst gotterisins sem hermenn á hans bernskuárum laumuðu gjarnan að honum og félögum hans. Hann segir að ekki einu sinni nýuppteknar rófur að hausti jöfnuðust á við brjóstsykurinn sem hermennirnir lumuðu á í baukunum sínum. „Sívalar stangir með rauðri rönd – bragðið á við töfrabrogð.“ Ívar minnst þess þó að amma hans, Guðlaug, hafði brýnt fyrir honum að hafa ferðirnar nú ekki of margar. Ívar taldi sig þó lengi framan af eiga nokkra mola inni hjá þeim enda hafði amma hans fært þeim heimaprjónaða vettlinga á sínum tíma og ættu þeir grænklæddu því ekki að sjá eftir nokkrum fleiri sykursætum ofan í þá drengina (Ívar Júlíusson, munnleg heimild, 23. ágúst 2014).

Indriði Ketilsson frá Ytra-Fjalli í Aðaldal minnst skransins sem fylgdi dvöl hermanna en faðir hans sýndi því einnig mikinn áhuga. „Faðir minn var fyrirmynd mín í eldspýtnastokkasöfnun og miða. Miðarnir voru af allskyns varning, hver öðrum meira framandi og spennandi, sem hermennirnir höfðu flutt til landsins.“ Indriði man vel eftir hirslu

sem hann gætti eins og gulli en í henni leyndust m.a. miðar utan af súkkulaði, vindlingum og bandhespum svo eitthvað sé nefnt. “Súkkulaðimiðarnir þóttu sérstaklega skrautlegir og þóttu mér þeir nánast ofskreyttir, þaktir medalíum og konunglegu myndefni frá Englandi”. Öllu þessu safnaði Indriði (Indriði Ketilsson, munnleg heimild, 3. september 2014).

Af sögum Ívars og Indriða úr barnæsku þeirra má dæma að ekki öll börn óttuðust dvöl hermanna og þótti þeim mörgum hermennirnir framandi og spennandi. Með þeim fylgdu nýjir siðir og annað háttarlag sem heillaði börn jafnt sem fullorðna. Þó samskipti hermanna og íbúa fyrir norðan gengu að mestu vel þá voru þó nokkrir sem vildu minna á orðatiltækið:

„Engin er rós án þyrna.” Árið 1941 sagði Snorri Sigfússon, þá nýskipaður námsstjóri á Norðurlandi, að mikilvægt væri að styrkja „hinn þjóðernislega þátt” í skólastarfinu. Þjóðlegt uppeldi lá það þungt á Snorra að hann vildi styrkja þátt þess í skólastarfinu, jafnvel þó það þyrfti að vera á kostnað annarra þátta (Jón Hjaltason, 1991:92). Ráðamenn reyndu einnig að banna börnum að eiga í samskiptum við hermennina en Herdís Helgadóttir getur þess þó að í minningu hennar hafi nánast verið ómögulegt að komast hjá samskiptum við hermennina á Suðurlandinu (Herdís Helgadóttir, 2001:14).

Ólíkt fróðleiksfýsninni sem Ívar og Indriði fundu fyrir í garð hermanna þá upplifði Helga Baldursdóttir frá Kraunastöðum í Aðaldal mikið óöryggi á hersetuárunum. Stríðið olli henni miklu hugarangri og frétttaflutningur af hermönnum hræddi hana alla tíð. Hún minnst þess þegar allt í einu óku stærðarinnar trukkar, jafnvel skriðdrekar, um áður friðsælu sveitina hennar. Saklaust barnið skildi þá lítið í þessum óvæntu gestum.

Ég man að eitt kvöldið höfðu þessir svokölluðu hermenn meira að segja kveikt heljarinnar bál sunnan við Grenjaðarstað. Ég sá það vel og vinkona mín, Svandís á Staðarhóli, líka. Saman ræddum við málin og vorum sammála um að

Þetta færi allt mjög illa í okkur. Við vinkonurnar kusum frekar að byggja ímynduð hús með því að draga línur í mold eða möl eða halda drullukökuveislur. (Helga Baldursdóttir, munnleg heimild, 6. ágúst 2014).

En flugvélarnar rétt skriðu yfir dalinn og gat því tilvist þeirra ekki farið fram hjá Helgu. Eitt sinn kom flugvél niður yfir heiðina hjá Presthvammi. Hún bókstaflega renndi sér niður og svo vestur. Helga sá vélina ekki en frétti að heimilisfólkið í Múla hefði orðið vitni að ferðum hennar, svo lágt flaug víst vélin að hún leit út fyrir að vera á túngarðinum. Tilhugsunin ein fékk litla hjartað til þess að slá full ört, lágflugið heillaði ekki. Það fréttist svo seinna að hermennirnir hefðu verið að leita að senditækjum og því Helga örugg sem fyrri daginn (Helga Baldursdóttir, munnleg heimild, 6. ágúst 2014). Þessi hræðsla við flugvélarsins var ekki óalgeng og í raun vel skiljanleg miðað við þær fregnir sem bárust af loftárásum í stríðinu. Hætta á loftárásum Þjóðverja var talin raunveruleg af henum, og íslenskum stjórnvöldum því þau fóru mjög fljótlega eftir hernám að undirbúa íbúa Reykjavíkur fyrir loftárás með því að setja upp aðvörunarútbúnað og gefa almenna fræðslu á hvar skyldi leita skjóls („Óttinn við”, 1940:3). Helga minnst einnig fréttar um amerískan hermann sem varð 12 ára íslenskum dreng að bana. Fréttaflutningur sem þessi hræddi hana og mörg önnur börn og óttaðist hún því hermennina mikið (Helga Baldursdóttir, munnleg heimild, 6. ágúst 2014). Drengurinn hafði verið staddur á götunni fyrir framan herbúðirnar við Hallveigarstíg og var þar að leik með vini sínum. Hann hafði, á meðan leiknum stóð, farið tvisvar sinnum upp í hermannabíl sem stóð þar og hermaðurinn rekið hann burt í bæði skiptin. Eftir að drengurinn hafði hlýtt skipun hans í annað skiptið og farið úr bílnum spennti hermaðurinn byssu sína, gekk upp að drengnum og skaut hann í höfuðið svo hann lést samstundis. Fjögur vitni voru að morðinu og var fjallað ítarlega um þennan viðburð en þetta hefur vafalaust haft mikil áhrif í Þjóðfélaginu („Amerískur hervörður”, 1942:1).

Helga vissi ekki hvort hræðsla hennar í barnæsku hefði að mestu spröttið vegna tilvistar hermannanna og skriðdrekanna en nokkuð var víst að Helga var hrædd við ótal margt. Illa við bíla sem og fugla – nánast allt á ferð. Oftar en ekki hvatti hræðslan hana til þess að vera á varðbergi, jafnvel í viðbragðsstöðu, og var því hversdagsleikinn litaður af því. Eitt sinn var Helga að snúa með hrífu norðan við hraunið, austan við Aðalból. Hún taldi sig vera frekar óvarða standandi svona ein út á miðjum túnfletinum og íhugaði því varúðarráðstafanir ef til kæmi að flugvél flygi yfir. Eftir að hafa metið aðstæður ákvað Helga að öruggast væri fyrir hana að fela sig þá í hrauninu, það lá beint við. Þar ætti hún að geta látið lítið fyrir sér fara því margar voru holurnar í grenndinni. Frá þeim gæti hún jafnvel forðað sér í helli í hrauninu – hellir bauð upp á öruggt skjól. Vélin sást þó aldrei en óhljóðin glumdu um dalinn. Oftar en ekki voru fæturnir viðbúnir því að hlaupa af stað og takið laust um hrífuskaftið. En dagurinn leið, sem og aðrir dagar (Helga Baldursdóttir, munnleg heimild, 6. ágúst 2014).

Guðmundur Hallgrímsson frá Grímshúsum í Aðaldal minnst árána þar sem herinn var mikið á ferðinni um veginn upp að Laxárvirkjun, sem hefur e.t.v. komið til af því að þar var annað af tveimur aðal orkuverum landsins, ásamt því að stöðvarstjórinn þar átti þýskan föður, og þarfnaðist það nánara eftirlits.

Á þessum árum var hér svokallaður hreppavegur sem lá sumsstaðar eftir gömlum reiðgötum og þannig hagaði til hjá Grímshúsum að vegurinn lá þétt norðan við fjárhúsin og hlöðuna, norður undir svonefndu Grímshúsaklifi sem er gömul þjóðleið norður á vaðið á Laxá sem hét Fagrafit. Bílvegurinn lá hinsvegar austur á sama stað og hann liggur í dag. Var það orðin föst venja hjá okkur krökkunum að setjast norðan á fjárhúsvegginn og veifa þegar við sáum herbíla koma vestan hraun, og fengum við oftast heilmikið af sælgæti

sem var mjög vel þegið (Guðmundur Hallgrímsson, munnleg heimild, 10. mars 2017).

Athyglisvert er hve mörgum börnum hefur í raun þótt hermennirnir spennandi þrátt fyrir oft afar neikvæðan frétttaflutning af tilveru þeirra og brýnt hafi verið fyrir þeim flestum að láta hermennina í friði. Hermennirnir höfðu hins vegar fengið ströng fyrirmæli um að koma vel fyrir og reyna þannig að ná til eldri kynslóðarinnar á Íslandi sem leit þá hornauga. Börn voru hins vegar ekki jafn gagnrýnin og löðuðust því að hermönnum sem tóku þeim oftast afar vel (Tómas Þór Tómasson, 1983:72).

Guðmundur minnst þess dags er ákveðið var að setja ræsi í veginn en bæjarlækurinn heima hjá honum rann rétt austan við fjárhúsið og norður í hraun.

Verkstjóri var Kristján bóndi í Norðurhlíð, og hóaði hann saman mönnum af næstu bæjum til verksins. Fylgdumst við að sjálfsögðu með verkinu af fjárhúsveggnum. En allt í einu sjáum við hvar stór hertrúkkur kemur vestan veg sjáum við að setið er beggja vegna á pallinum. Áttum við nú von á rausnarlegum gjöfum og veifuðum því mikið, en það fór á annan veg. Sáum við hermennina spretta á fætur með háværum köllum og pati. Kom þá í ljós að þeir héldu allir á byssum. Nam nú bíllinn staðar. Hófst nú hávært þref og töluðu allir sitt móðurmál. Vildi nú það happ til að Þrándur á Aðalbóli sem dvalið hafði einn áratug fyrir vestan haf eins og það var kallað, átti leið vestur veg. Greiddist nú málið. Gerðist hann nú bæði túlkur og sáttasemjari. Töldu hermenn nefnilega að hér væri verið að spilla veginum fyrir þeim. En málinu var ekki lokið frá hendi okkar Ásbjarnar í Norðurhlíð, jafnaldra míns og

samherja í einu og öllu. Kom nú í ljós þegar við loks gátum staðið á fætur að við vorum mjög slappir til gangs. Sögðu okkur eldri drengir sem þarna voru að það væri vegna þess að við værum með hjartað í buxunum (Guðmundur Hallgrímsson, munnleg heimild, 10. mars 2017).

Þrátt fyrir forvitni barnanna var skiljanlega stutt í að ótta gagnvart hermönnunum og þurfti því ekki mikið til að lækka rostann.

Fylltumst við Ásbjörn nú mikilli reiði í garð þessara hermanna, ákváðum við að hætta að veifa og í þess stað skyldu þeir fá að kenna á handsprengjum okkar sem við kölluðum svo. Var þetta þurrt hrossatað sem við notuðum í hernaði við eldri drengi. Hófumst við þegar handa og söfnuðum nokkru magni í húsasund á staðnum. Næsti dagur rann upp bjartur og fagur, og unnu menn sín daglegu störf að venju. Stöndum við Abbi nú vaktina úti á fjárhúspaki, og nú ber vel í veiði, sjáum við hvar kemur jeppi vestan veg er hann blæjulaus og algjörlega opinn. Hugsum við honum þegjandi þörfina. En hvað sjáum við? Bíllinn nemur staðar í króknum við Norðurhlíð og tveir menn ganga suður á tún til Kristjáns og Friðriku sem þar eru við heyskap og annar maðurinn heilsar Rikku með kossi! Við erum orðlausir af undrun og gremju. „Hvað eruð þið að sýsla?“ spyr faðir minn sem á leið fram hjá húsasundinu. Við látum lítið yfir því. „Það verður ekki eilíflega hægt að afsaka ykkur með því að þið séuð börn“, segir pabbi, „og týnið þið taðið niður úr sundinu“. Og þar með runnu hernaðaráform okkar út í sandinn (Guðmundur Hallgrímsson, munnleg heimild, 10. mars 2017).

Það er rétt að segja frá því að hermennirnir í jeppanum voru Íslendingar, svokallaðir tenglar milli hers og þjóðar. Ragnar H. Ragnar frá Ljósstöðum í Laxárdal og Ragnar Stefánsson sem áður hefur verið nefndur hér að ofan en hann var náfrænda Friðriku í Norðurhlíð. Kom þar skýring á kossinum! Drengjunum, Guðmundi og Ásbirni, hafði verið mjög brugðið þegar þeir sáu hermenninn kyssa Friðriku enda höfðu þeir aðeins heyrt slæmar sögur af kossinum hermanna og íslenskra kvenna og ætluðu þeir ekki að trúa því að svo væri farið fyrir Friðriku að „ástandið” hefði náð henni (Guðmundur Hallgrímsson, munnleg heimild, 10. mars 2017).

Niðurlag

Ljóst er að fréttamat og frétttaflutningur dagblaðanna á Íslandi á hersetuárunum var afar litaður af hagsmunum og sjónarmiðum stjórn mála flokkanna og er það því mjög áhugavert að rýna í fréttir og umfjallanir þess tíma því orðaskiptin eru með örlítið öðrum hætti en við þekkjum í dag. Þau orðaskipti sem áttu sér stað í dagblöðum á þeim tíma eru í dag dýrmætar heimildir sem vonandi munu seint gleymast (Guðjón Friðrikson, 2000:170). Síðari heimsstyrjöldin reyndist Íslendingum fádæma hagstæð á meðan á henni stóð en skildi þá svo eftir með uppurinn gjaldeyrissjóð og mjög víða óleyst vandamál. Ljóst var að lífskjör stríðsáranna gátu ekki haldist lengur (Guðmundur Jónsson, 2009:69).

Erfitt er að setja sig í spor þeirra sem upplifðu hersetutímamann á Íslandi en ljóst er að hann hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Finna má ótrúlegar „ástands” lýsingar þar sem íslenskar konur þurftu að þola óréttláta gagnrýni og ekki skánaði staða þeirra ef þær urðu ástfangnar af hermanni. Herdís Helgadóttir minnst þess að hafa aðeins 11 ára séð unga stúlku verða fyrir aðkasti frá karlmönnum og drengjum vegna þess að hún hafði trúlofast breskum hermanni. Þeir kölluðu hana öllum illum nöfnum, uppnefndu og hótuðu henni að raka af henni hárið svo allir gætu vitað af syndum hennar og svikum. Þessi upplifun Herdísar hafði mikil áhrif á hana og mótaði réttlætiskennd hennar (Herdís Helgadóttir, 2001:13). Hægt er því að ímynda sér hversu mörg börn og unglingar upplifðu eitthvað svipað en unnu úr því á mismunandi vegu. Mörg upplifðu jafnvel reiði, önnur hræðslu. Þau samskipti sem fóru fram á tímum hernámsins voru því ekki bara á við gamla glansmynd af fallegru stúlku að dansa við dáta á dansleik, heldur varð mikil vændisaukning á þessum árum og voru þá hermennirnir ekki alltaf saklausir. Vitnisburðurinn hefur verið á þá leið að ungu stúlkurnar “leyfðu” hermönnum að eiga mök við sig. Í dag hefur mikið verið fjallað um mikilvægi þess að „fá samþykki” og er það upplifun margra þolenda að þeir frjóska þegar aðstæður fara úr böndunum. Flestar fréttir tengdar „ástandinu” gangrýna íslenskar konur harkalega fyrir að

leyfa sér að laðast að hermönnunum og var ótti margra íslenskra karlmannna að þær bestu færu úr landi („Framhald af”, 1941:2). Þó framkoma karlmannna í garð kvennanna hafi gjarnan verið svívirðileg þá virðast konurnar hafa náð að mestu að standa á sínu og jafnvel nýtt gagnrýnina til þess að brjótast út úr eldhúskróknum. Þjónustustörf tóku forystu sem lífsviðurværi landsmanna á hersetuárunum en í kjölfar fyrri heimstyrjaldarinnar bötnuðu viðskiptakjör Íslendinga til muna (Magnús S. Magnússon, 1993:128). Í kjölfarið fóru konur að stíga fram á atvinnumarkaðinn og létu þá ekki síður bera á sér í stöðum þar sem menntunar var krafist (Magnús S. Magnússon, 1993:129). Nýjar þjóðfélagslegar þarfir ljáðu almenningi rödd til þess að krefjast þess að lýðræðiskerfið léti sig varða lífskjör hans.

Áhugavert var að taka saman upplifanir viðmælandanna fimm á barnæsku sinni á hersetuárunum og sjá þar rauða þráðinn: óttablendna forvitni. Vissulega hafði hernámið mismikil áhrif á líf þeirra en öll virtust þau muna vel þann tíma, en búa enn yfir ósvöruðum barnslegum vangaveltum varðandi upplifanir þeirra í barnæsku. Æsifrættamennskan og feitleitraðar, risastórar forsíðufréttir dagblaðanna, bjuggu ekki alltaf yfir svörunum.

Ljóst er að við hernámið urðu miklar breytingar á íslensku samfélagi á afar skömmum tíma. Kynslóð þess tímabils hefur því lifað tímanna tvenna.

Ég fæðist inn í þennan gamla heim og jafn skjótt og ég fer að muna eftir mér er nútíminn að koma. Ég sé bíl fara í fyrsta sinn um sveitina um fjögurra ára gamall, sé rafmagnsljósinn kvikna, heyri símann hringja og í útvarpinu syngja. Nútíminn mætti og við tókum honum fagnandi. Ég gerði mér þó grein fyrir gildi gamla tímans og úr varð að ég gætti hans á Þjóðskjalasafni Íslands (Aðalgeir Kristjánsson, munnleg heimild, 3. ágúst 2014).

Heimildaskrá

Alma Ómarsdóttir. (2013). „Ástandið” í fjölmiðlum. *Umfjöllun fjölmiðla um íslenskar konur og erlendan her*. Mastersritgerð:Háskóla Íslands, Félagsvísindadeild.

Amerískur hervörður skýtur 12 ára dreng til bana. (1942, 27. maí). *Þjóðviljinn*, bls. 1.

Framhald af skýrslu velferðarnefndar portkvennanna. (1941, 28. ágúst). *Vísir*, bls. 2.

Gils Guðmundsson (ritstjóri). (1975). *Öldin okkar. Minnisverð tíðindi 1931-1950*. Reykjavík, Iðunn.

Guðjón Friðriksson. (2000). *Nýjustu fréttir. Saga íslenskra fjölmiðlunar frá upphafi til vorra daga*, Reykjavík, Iðunn.

Guðmundur Jónsson. (2009). *Efnahagskreppur á Íslandi 1870-2000*. Saga. *Tímarit Sögufélags*. 47(1), 45-74.

Gunnar M. Magnúss. (1965). *Árin sem aldrei gleymast. Ísland og heimsstyrjöldin síðari*. Hafnafjörður, Skuggsjá.

Herdís Helgadóttir. (2001). *Úr fjötrum. Íslenskar konur og erlendir her*. Reykjavík, Mál og menning.

Hermenn berja tvær konur á Akureyri. (1940, 1. október). *Morgunblaðið*, bls. 3.

Jónas Guðmundsson. (1945). Mannfjöldi á Íslandi í árslok 1943. *Sveitarstjórnarmál*, 5(1), 45.

Jón Hjaltason. (1991). *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði*. Bókaútgáfan Hólar, Akureyri.

Maður leitar aðstoðar lögreglunnar til þess að leita að konu sinni. (1941, 1. nóvember). *Alþýðublaðið*, bls. 1.

Magnús S. Magnússon. (1993). Efnahagsþróun á Íslandi 1880-1990. Í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstjórar), *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990* (bls. 112-214). Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun HÍ

Óttinn við loftárás. (1940, 20. maí). *Alþýðublaðið*, bls. 3.

Ríkisstjórnin mótmælir hertökunni. (1940, 11. maí) *Morgunblaðið*, bls. 2.

Tómas Þór Tómasson. (1984). *Heimsstyrjaldarárin á Íslandi - Síðara bindi*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Tómas Þór Tómasson. (1983). *Heimsstyrjaldarárin á Íslandi - Fyrri bindi*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Tvær flugvélar komu yfir Seyðisfjörð. (1942, 7. september). *Vísir*, bls. 1.